

# ALLIR Á HEIMAVELLI FELLAÞING

## LOKASKÝRSLA

---

Verkefnastjóri

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir

[Sigurlaug.Hrund.Svavarsdottir@rvkskolar.is](mailto:Sigurlaug.Hrund.Svavarsdottir@rvkskolar.is)

---

Tímabil

Frá: ágúst 2016

Til: júní 2017

---

Um verkefni

Verkefnið snýst um að auka þátttöku nemenda í skólastarfinu og þjálfa þá í lýðræðislegum vinnubrögðum. Með þessu móti viljum við stuðla að jákvæðum skólalag og efla borgaravitund nemenda og virka þátttöku þeirra.

# Allir á heimavelli

Nafn skóla: Fellaskóli

Nafn verkefnisins: Fellaping

Nafn verkefnastjóra: Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir

## **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

Verkefnið snýst um að auka þátttöku nemenda í skólastarfinu og þjálfa þá í lýðræðislegum vinnubrögðum. Með þessu móti vildum við stuðla að jákvæðum skólabrag og efla borgaravitund nemenda og virka þátttöku þeirra.

## **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:**

Skólaárið 2016-2017 fór Fellaping fram í vikulegum 2x40 mínútna kennslustundum. Þá unnu nemendur saman að ýmsum verkefnum í fjölbreyttum hópum. Hóparnir samanstóðu stundum af einstökum bekkjum, þeim var skipt upp eftir árgöngum eða stigum og stundum unnu aldursblandaðir nemendahópar saman að verkefnum Fellapings. Leiðir til að ná markmiðum Fellapings voru margvísleg. Sem dæmi má nefna verkefni þar sem nemendur komu með eigin hugmyndir að því hvernig bæta mætti skólastarfið, velja rétti á matseðil, gera bekkjarsáttmála, verkefni tengd leiðtogaþjálfun og lýðræði. Þá komu allir nemendur skólans saman á þingum og kusu um ákveðin viðfangsefni, eins og til dæmis um atriði sem þeir töldu mikilvægust til að bæta aðstæður í skólanum.

## **Frávik miðað við áætlun verkefnis:**

Það reyndist erfitt að koma verkefninu upp í fasta venju þar sem kennarar vildu nýta Fellapingstímana í of mörg verkefni. Tímaáætlanir sem settar voru fyrir tímabilið stóðust oft ekki vegna þessa og því urðu þingin færri en áætlað var í byrjun. Hugmyndin um verkefnið var í raun of opin, það hefði þurft að setja skýrari markmið og viðfangsefni.

**Helstu hindranir:**

1. Umfang verkefnis var mikið og krafðist meiri undirbúnings heldur en gert var ráð fyrir í upphafi. Einnig hafði það áhrif á verkefnið hversu margir nemendur eiga annað móðurmál en íslensku í Fellaskóla.
2. Önnur hindrun sem huga verður að fyrir áframhaldandi vinnu er upplýsingaflæði. Það hefði mátt kynna verkefnið betur fyrir samstarfsfólki í upphafi, markmið þess og ávinning.
3. Krefjandi var að finna viðfangsefni sem hentaði öllum aldursstigum.
4. Í teyminu voru einungis starfsmenn á unglíngastigi og í sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Starfsmenn teymisins þurfa að endurspeglu alla hóp/stig skólans til að mæta þörfum nemenda.

**Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu:**

Fellaþing hafði mikil áhrif. Nemendur öðluðust trú á að hlustað væri á raddir þeirra í skólastarfinu og sem aftur eykur lýðræði innan skólans. Með þessum hætti lærðu nemendur um lýðræði í lýðræði. Aukin samskipti nemenda draga úr ótta, fordómum og stuðla að virðingu milli nemenda sem bætir skólabraginn. Kennarar ólíkra nemendahópa kynntust nemendum á öðrum skólastigum sem jók samhug og skilning þeirra á milli með þá hugsun að leiðarljósi að líta á alla nemendur skólans sem sína. Starfsmenn skólans lærðu einnig að virða betur skoðanir nemenda og hlusta á þeirra sjónarmið. Hugmyndir nemenda voru fjölbreyttar og munu leiða til betra skólastarfs.

Í Fellaþingi var lögð áhersla á að blanda nemendum þvert á stig sem hafði einnig góð áhrif á skólabraginn. Allir nemendur og starfsmenn kynntust nemendum á öðrum stigum.

**Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Fellapingsteymið var virkt í að safna saman gögnum og fá athugasemdir um það sem gekk vel eða það sem betur mætti fara frá samstarfsfólki út tímabilið. Einnig var viðhorfskönnun framkvæmd í lok tímabils sem nýtt verður í áframhaldandi vinnu.

**Niðurstöður verkefnis: T.d. eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.**

**a) Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins:**

Settir voru á fót umræðuhópar, bæði þvert á öll aldursstig sem og innan hvers aldursstigs. Þeir hópar komu með hugmyndir og kusu um þær hugmyndir á svokölluðu Fellapingi. Hugmyndir nemenda snertu á skólastarfinu í heild, skólaumhverfinu, matsal, matseðli og skólabrag. Þá heldur hvort sem það væri eitthvað sem mætti breyta eða bæta.

Þær hugmyndir sem komu frá nemendum og voru framkvæmdar í kjölfarið voru:

- Upplýsingaskjór fyrir nemendur
- Þemadagar í Fellaskóla
- Fartölvur í skólann
- Brauðgrill í matsal
- Nemendaréttir einu sinni í viku á matseðli
- Fleiri leikföng á útisvæði
- „Chillstofa” fyrir unglingadeild
- „Enginn skilinn útundan”

Auk þessara hugmynda eru nokkrar hugmyndir enn í ferli og enn aðrar hugmyndir sem starfsmenn skólans töldu óraunhæfar og þurfti að hafna vegna margvíslegra ástæða. Það er mikilvægt fyrir nemendur að læra að hægt var að bregðast við sumum hugmyndum þeirra en öðrum ekki.

Sett var á fót heimasíða um framgang verkefnisins þar sem hægt er að fá upplýsingar og fylgjast með ferlinu. Slóðin er: <http://fellaskoli.is/fellathing/>

**b) Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?:**

Markmiðin náðust að vissu leyti. Nemendur lærðu lýðræðisleg vinnubrögð og hvernig hægt er að hafa áhrif á samfélagið í kringum sig. Verkefnið stuðlaði að bættum skólabrag og nemendur tóku virkan þátt. Verkefnið var í sífelldri mótun. Markmiðin sem sett voru í upphafi héldust en urðu umfangsmeiri yfir tímabilið og munu þau hjálpa okkur til að móta Fellabing fyrir næsta tímabil.


**c) Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?:**

Áætlað er að halda verkefninu áfram. Stjórnendur Fellaskóla munu nýta niðurstöður úr mati verkefnis til að endurskoða það sem betur má fara.

**Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður:**

Niðurstöður verkefnisins verða kynntar samstarfsfólki á starfsmannafundi við skólalok. Einnig má sjá sýnilegan afrakstur hvers verkefnis Fellabings á sérstakri heimasíðu sem sýnir ferli hugmynda, framkvæmd og afrakstur. Líkt og áður hefur komið fram má nálgast afraksturinn á eftirfarandi slóð: <http://fellaskoli.is/fellathing/>.

Fyrir hönd verkefnis

  
Sigurlaug H. Svavarsdóttir